

Erindi: Fornminjanefnd v / fornminjasjóður - fjárlög 2023 / Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir form. fjárlaganefnd.

Fyrir hönd Fornminjanefndar vill undirritaður áréttta þakkir fyrir tímabundna fjárveitingu á liðnu ári til að mæta brýnum skráninga- og minjaverkefnum vegna náttúruvárs. Staða sjávarborðs og eða afleiðingar loftslagsbreytinga með veðuröfgum horfa hinsvegar ekki til betri vegar og strandminjum stafar því áfram og í vaxandi mæli hætta af sjávarrofi og kemur því sérlega illa við að framlag til sjóðsins skuli skorið niður á sama tíma og áskoranir og viðfangsefni hafa stórum vaxið til lands- og sjávar og þá bætist við óskráð minjasvæði og verkefni í hættu vegna skriðufalla. Loftslagsmálin eru því sérlega stór áskorun fyrir þann málaflokk sem við lögum samkvæmt störfum eftir. Stóra áhyggjuefni fornminjanefndar er að fram til ársins 2021 þ.e. utan aukafjárveitingar hafði sjóðurinn staðið í stað um margra ára skeið með rétt riflega 40 mkr. framlag til að mæta gríðarlegum fjölda verkefna. Svo er komið að margir fornleifafræðingar hafa gefist upp á að sækja í sjóðinn vegna þess hve rýr hann var orðin eða þá að þeir leituðu framhjá sjóðnum t.d. beint til fjárlaganefndar og eða í aðra óskylda sjóði á forræði ríkisins, allt gerir þetta Fornminjanefnd enn erfiðara um vik að sinna skyldum sínum með alltof lítinn sjóð til ráðstöfunar. Fornminjanefnd vill því hvetja fjarlaganefnd að taka öll þau mál er kunna að falla undir fagnefnd málaflokksins og beina þeim stuðningi til Fornminjanefndar / fornminjasjóðs þar sem tryggt er að fjallað verði faglega og lögum samkvæmt um hvert verkefni. Að áður sögðu hefur uppsafnaður vandi fornminjasjóðs af óútskýrðum ástæðum staðið í stað um árabil meðan aðrir sambærilegir sjóðir hafa verið uppfærðir jafnt og þétt. Nú ber orðið himinn og haf í milli fornminjasjóðs og annarra og fyrir það líða mörg mjög brýn verkefni um land allt. Í þessum efnum er mjög mikilvægt að fjárlaganefnd og stjórnvöldum á hverjum tíma sé ljóst að framvinda við skráningu fornleifa, umsagnaskrif leyfisveitingar hverskonar í kringum skipulags og framkvæmdaferli á ýmsum stigum máls getur og hefur oft tafist úr hófi fram þar sem skort hefur fjármuni m.a. til skráninga fornleifa. Slík tilvik sem upp koma eru ótal mörg og tefja allan framgang með margháttuðum óþægindum veldur og oft miklum aukakostnaði fyrir alla viðkomandi aðila vegna tafa, þetta varðar ekki síst skipulagsyfirlönd í héraði og framkvæmdaðila. Á þessum grunni standa viðmiðunarþjóðir okkar langt um framar þegar kemur að skráningum á fornleifum og hvernig skal hlúa að menningarminjum og menningararfi þjóðar. Sem dæmi er sambærileg Minjastofnun í Noregi nú í annarri yfirferð fornleifaskráninga yfir landið, en þá gefur að líta að Ísland hefur einvörðungu vegna fjársveltis í þessum efnum náð að skrá aðeins um 30% af Íslandi í fyrstu umferð. Það er því gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld, alþingi allt og sveitarfélög geri sér grein fyrir því að ef áhugi er til þess að flýta skipulags- og leyfisveitingaferlum að þá er leiðin til þess ekki síst að leggja til stóraukna fjármuni í lögbundnar grunnrannsóknir á fornleifum með skýra framtíðarsýn svo ekki standi á þeim þætti sem hvað mest er svo kvartað undan af framkvæmdaðilum og skipulagsyfirlöndum. Þá ber þess að geta að Fornminjanefnd er heyrir undir Minjastofnun að sama skapi lögum samkvæmt, ekki einvörðungu ætlað að annast afgreiðslu og stuðning úr fornminjasjóði við fornleifaskráningar, fornleifauppgreiftri, rannsóknir á forngrípum, skýrsluhaldi og umsýslu vegna þessara þátta, heldur er sjóðnum ætlað lögum samkvæmt að taka við umsóknum styðja við önnur brýn minjaverndarverkefni og ber þar hvað hæst báta- og skipaarfurinn sem komin er í óefni. Í þeim efnum er fornminjanefnd þó að reyna leita sérstakra leiða gagnvart viðkomandi ráðuneytum sem bátaarfurinn kann að falla undir, ellegar stöndum við frammi fyrir óafturkræfu menningarslysi þar sem flestir af merkustu og friðuðum þilfarsbátum þjóðarinnar bíða að öðrum kosti förgunar á allra næstu misserum ef ekkert verður að gert. Skyldur okkar lögum samkvæmt hafa einmitt vaxið gagnvart bátaarfinum þar sem þakka skal fyrir að stjórnvöld hafa skrifað undir UNESCO samning um vernd á bátaarfi okkar og um leið hefur handverk bátasmiða verið verndað sérstaklega undir sömu formerkjum hér á landi sem ber að þakka fyrir. Að lokum vill undirritaður fyrir hönd Fornminjanefndar trúá því að fjárlaganefnd hafi ríkari skilning á stöðu fornminjasjóðs með erindi þessu og hvaða ávinningur er undir fyrir stjórnvöld að styðja myndulega við sjóð sem er órjúfanlegur hluti af því að styðja við framgang verkefna um land allt sem geta haft svo margháttuð jákvæð áhrif. Hér verður látið hjá líða að lýsa nánar öllum þeim tækifærum sem telja má upp t.d. í ferðaþjónustutengdum málum, þar sem hægt er að draga fram sérstöðu svæða á grunni merkra menningarminja sem hefur svo sannarlega sýnt sig að hafa vakið mikla og jákvæða athygli. Tæpast þarf að útlista hér nánar hvað brennur þungt á Fornminjanefnd að geta staðið við bakið á þeim fjölda fornleifaverkefna um landið sem sífellt kalla á aukinn stuðning meðan sjóðurinn hefur ekki fengið áheyrn sem hann á skilið. Styrkfjáræð sem nú stendur í fjárlögum fyrir fornminjasjóð 2023 er 66 mkr þá með innifalinni aukafjárveitingu frá síðasta ári. Nefndin telur í ljósi aðsteðjandi og knýjandi verkefna á mörgum sviðum að 120 mkr. fjárveiting til sjóðsins gæti fært okkur nær samtalinu um þörfina en það væri þá rétt um helmingur þess sem sótt var um í sjóðinn á síðasta ári og það þrátt fyrir að margir hefðu hætt við að senda inn umsóknir eins og áður greinir. Í nýrri stefnu um störf Fornminjanefndar hefur verið sett fram stefna um að gera áætlun til þriggja ára í senn og það er því gríðarlega mikilvægt að nefndin geti með fyrirsjáanleika gert áætlun á grunni stefnunnar með tryggjar fjárveitingar.

Í einlægni með von um skilning á stöðu mála

Virðingarfyllst

F.h. Fornminjanefndar – Andrés Skúlason formaður.

